

Landhelgisgæsla Íslands Ársreikningur 2020

Landhelgisgæsla Íslands
Skógarhlíð 14
Reykjavík
710169-5869

Efnisyfirlit

	Bls
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnhagsreikningur.....	5
Sjóðsstreymisyfirlit.....	6
Skýringar.....	7-16

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Landhelgisgæsla Íslands starfar skv. lögum nr. 52/2006, sem tóku gildi 1. júlí 2006 og hefur dómsmálaráðherra með höndum yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands. Landhelgisgæsla Íslands er öryggis-, eftirlits- og löggæslustofnun sem bæði gegnir hlutverki viðbragðsaðila og vöktunaraðila á hafinu umhverfis Ísland sem og að sinna aðkallandi sjúkraflutningum á sjó og landi. Landhelgisgæsla Íslands hefur frá 1. janúar 2011 einnig annast daglega framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna á Íslandi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur lýst því yfir að leitað verði eftir heimild Alþingis til þess að bæta stofnunum upp skerðingu á eigið fé sem hlaut af uppfærslu á orlofs- og frídagaskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi 2017. Á grundvelli þessa hefur verið færð krafa á ríkissjóð sem nemur orlofs- og frídagaskuldbindingu eins og hún var færð í stofnefnahagsreikning stofnunarinnar og á mótí hefur sú upphæð verið færð til hækkunar á eigin fé. Stjórnendur Landhelgisgæslunnar vekja athygli á því að samþykki Alþingis liggur ekki fyrir og því ríkir óvissa um hvort þessar færslur eigi rétt á sér.

Á árinu 2020 var ársveltan 7.886,0 m.kr. og afkoma 77,1 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign 765,7 m.kr. í árslok og eignir nema samtals 8.419,3 m.kr. Ársverk voru 204 að meðaltali.


Landhelgisgæslan leggur áherslu á góða stjórnarhætti og ber forstjóri ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar, að hún starfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og lög og reglur sem um starfsemina gilda. Framkvæmdastjórn er forstjóra til ráðgjafar um daglegan rekstur og stefnumarkandi málefni stofnunarinnar. Í framkvæmdastjórn eru auk forstjóra 10 einstaklingar en jöfn skipting er milli kynja, 5 konur og 5 karlar. Forstjóri sér til þess að stjórnvöld fái reglulega upplýsingar um rekstur stofnunarinnar eftir því sem við á hverju sinni.


Starfsemi stofnunarinnar fellur undir tvö málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfsþáttayfirliti.

Við höfum eftir bestu vitneskju sett fram ársreikning sem gefur glögga mynd af rekstri Landhelgisgæslunnar á árinu 2020 og eignum, skuldum og eiginfjárstöðu 31. desember 2020 í samræmi við lög um ársreikninga, lög um opinber fjármál og fyrirmæli frá stjórnvöldum.

Forstjóri og framkvæmdastjóri rekstrarsviðs staðfesta ársreikning Landhelgisgæslu Íslands fyrir árið 2020 með undirritun sinni

Reykjavík, 4. mars 2021.


Georg Kr. Jónsson, forstjóri


Friða Aðalgeirsdóttir, frkv.stj. rekstrarsviðs

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Framlög ríkissjóðs til rekstrar.....	2	4.488.000.000	4.113.500.000
Framlög tengdra aðila til rekstrar.....	2	2.167.395.399	1.733.531.673
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2, 15	391.726.419	491.415.880
Aðrar tekjur.....	3	838.890.733	1.097.298.775
Tekjur samtals		<u>7.886.012.551</u>	<u>7.435.746.328</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld.....	4	3.704.762.294	3.434.531.630
Annar rekstrarkostnaður.....	5	3.705.549.976	3.520.396.973
		<u>7.410.312.270</u>	<u>6.954.928.603</u>
Afskriftir.....	7	391.726.419	491.415.880
Gjöld samtals		<u>7.802.038.689</u>	<u>7.446.344.483</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		<u>83.973.862</u>	<u>(10.598.155)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	6	(6.883.268)	791.054
		<u>(6.883.268)</u>	<u>791.054</u>
Afkoma ársins		<u><u>77.090.594</u></u>	<u><u>(9.807.101)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr	2020	2019
Fastafjármunir			
Farartæki, tæki og búnaður.....	7	6.946.709.009	7.230.470.332
Óefnislegar eignir.....	7	5.546.612	
Fastafjármunir samtals		<u>6.952.255.621</u>	<u>7.230.470.332</u>
Veltufjármunir			
Birgðir.....	10	482.832.893	433.092.364
Viðskiptakröfur.....	11	112.363.705	104.530.096
Tengdir aðilar.....	11	119.460.150	90.090.528
Staða við ríkissjóð og ráðuneyti.....	12	504.436.914	402.289.703
Fyrirframgreiddur viðhaldskostnaður þyrlna.....	8	28.529.396	44.526.918
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður.....	9	206.712.403	219.460.442
Vörslufé.....	13	6.062.433	59.014.173
Handbært fé.....		6.654.260	45.274.130
Veltufjármunir samtals		<u>1.467.052.154</u>	<u>1.398.278.354</u>
Eignir samtals		<u>8.419.307.775</u>	<u>8.628.748.686</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign.....	14	765.667.441	688.576.846
Eigið fé samtals		<u>765.667.441</u>	<u>688.576.846</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Frestað framlag vegna varanlegra rekstrarfjármuna.....	15	6.317.676.071	6.559.472.476
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		<u>6.317.676.071</u>	<u>6.559.472.476</u>
Skammtímaskuldir			
Tengdir aðilar.....	12	114.268.535	116.328.038
Viðskiptaskuldir.....	16	315.622.633	311.107.952
Vörslufé.....	13	6.062.433	59.014.173
Viðhaldsskuldbinding vegna leigðra þyrlna.....	8	0	13.980.913
Ýmsar skammtímaskuldir.....	17	516.123.990	457.385.142
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda.....	15	383.886.672	422.883.146
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.335.964.263</u>	<u>1.380.699.364</u>
Skuldir samtals		<u>7.653.640.334</u>	<u>7.940.171.840</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>8.419.307.775</u>	<u>8.628.748.686</u>
Eignir utan efnahagsreiknings.....	18		
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings.....	19		
Aðrar upplýsingar.....	20		

Sjóðsstreymisyfirlit ársins 2020

Rekstrarhreyfingar	2020	2019
<i>Hreint veltufé frá rekstri</i>		
Afkoma ársins.....	77.090.594	(9.807.101)
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi</i>		
Afskriftir.....	391.726.419	491.415.880
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára.....	(391.726.419)	(491.415.880)
Veltufé frá (til) reksturs	77.090.594	(9.807.101)
 <i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum</i>		
Skammtímakröfur (hækkun) lækkun.....	(57.653.141)	477.231.174
Birgðir (hækkun).....	(49.740.529)	(893.837)
Skammtímaskuldir (lækkun).....	(5.738.627)	(447.898.901)
Breytingar á rekstartengdum samtals	(113.132.297)	28.438.436
Handbært fé (til) frá rekstri	(36.041.703)	18.631.335
 Fjárfestingahreyfingar		
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(114.843.508)	(476.976.100)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	2.686.800	1.445.000
Fjárfestingahreyfingar	(112.156.708)	(475.531.100)
 Fjármögnunarhreyfingar		
Langtímakröfur.....	0	0
Langtímaskuldbindingar.....	0	0
Fjárfestingaframlag.....	83.400.000	267.000.000
Gjafir til fjárfestinga.....	26.178.541	127.825.280
Fjármögnunarhreyfingar	109.578.541	394.825.280
Breyting á handbæru fé	(38.619.870)	(62.074.485)
Handbært fé í ársbyrjun	45.274.130	107.348.614
Handbært fé í lok ársins	6.654.260	45.274.129

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Almennar upplýsingar

Landhelgisgæsla Íslands var stofnuð 1. júlí 1926. Höfuðstöðvar stofnunarinnar eru í Skógarhlíð 14 í Reykjavík en starfsstöðvar eru einnig á Keflavíkurlflugvelli og Reykjavíkurlflugvelli, í skipum og ratstjárstöðvum. Landhelgisgæsla Íslands starfar skv. lögum nr. 52/2006, sem tóku gildi 1. júlí 2006 og hefur dómsmálaráðherra með höndum yfirstjórn stofnunarinnar. Landhelgisgæsla Íslands er öryggis, eftirlits- og löggæslustofnun sem bæði gegnir hlutverki viðbragðsaðila og vöktunaraðila á hafinu umhverfis Ísland sem og að sinna aðkallandi sjúkraflutningum á sjó og landi. Landhelgisgæsla Íslands hefur frá 1. janúar 2011 einnig annast daglega framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna á Íslandi.

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga auk stjórnvaldsákvæðana. Helstu reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru við gerð ársreikningsins eru útskýrðar hér á eftir.

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum og skuldum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum Reikningsskilaráðs ríkisins eða styðjast við ákvæði í alþjóðlegum reikningsskilastaðli fyrir opinbera aðila, IPSAS 33, sem tekur til innleiðingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Raunverulegt verðmæti þeirra liða sem byggja á matsforsendum stjórnenda getur við sölu eða innlaun reynst annað en það sem er í ársreikningnum.

1.1 Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárheimildir til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárheimildir ársins vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum eru færðar sem frestaðar tekjur og afskrifaðar á reikningsárinu með tekjufærslu yfir rekstrarreikning. Tekjufærsla fjárfestingaframlaga ársins myndar þannig mótfærslu við gjaldfærðar afskriftir fjármuna.

Í efnahagsreikningi er óafskrifað fjárfestingaframlag fært til skuldar meðal langtímaskulda sem frestað framlag vegna varanlegra rekstrarfjármuna en sá hluti sem áætlað er að tekjufærist á næsta ári er færður meðal skammtímaskulda.

Samkvæmt 37. grein laga nr. 146/2015 skulu vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum ríkisaðila í A-hluta renna í ríkissjóð. Þessi grein kom til framkvæmdar á árinu 2017 og eru því engar vaxtatekjur eða fjármangstekjuskattur þeim tengdur í ársreikningi Landhelgisgæslunnar.

1.2 Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

1.3 Skattar

Landhelgisgæsla Íslands greiðir virðisaukaskatt af aðföngum, eldsneytisgjöld, fasteignaskatta, bifreiðagjöld og ýmis leyfisgjöld. Stofnunin greiðir ekki tekjuskatta.

Skýringar

1.4 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir sem aflað hefur verið árið 2017 og fyrr eru ekki færðar í reikningum stofnunarinnar á grundvelli ársreikningalaga. Á árinu 2019 hófst hugbúnaðarvinna við þróun á gagnagrunnslausn og viðmóti fyrir tölfraði stofnunarinnar, gæðahandbók og fleira. Sú fjárfesting er skráð sem óefnisleg eign.

1.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru eignfærðir í efnahagsreikningi og afskrifaðir á áætluðum notkunartíma.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð þannig að mismunur á kostnaðarverði og hrakvirði færist til gjalda á áætluðum notkunartíma eignanna þó með þeirri undantekningu að loftför eru eignfærð í hlutum þar sem líftími stærri vélarhluta miðast við og afskrifast samkvæmt flugtímanotkun. Almennar afskriftir eru sem hér segir:

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Varðskip og loftför	25-50 ár
Áhöld og búnaður	5-15 ár
Farartæki, vélar og aðrar eignir	5-10 ár
Stærri vélarhlutir loftfara	Flugtími
Hugbúnaður	3-5 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingaheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

1.6 Gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur. Staðan er reiknuð upp í árslok miðað við miðgengi Seðlabanka 31.12.2020. Áfallinn gengismunur er færður í yfirlit um afkomu.

1.7 Birgðir

Rekstrarvörulager er metinn á meðalkostnaðarverði samkvæmt birgðakerfi, olíubirgðir skipa eru metnar á FIFO grunni og varahlutalager flugvéla er skráður í birgðakerfi í evrum og er uppreiknaður á meðalgengi síðustu tveggja ára fyrir reikningskiladag.

1.8 Viðskiptakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður þyrlna

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði. Viðskiptakröfur eru yfirfarnar og metið hvort þörf sé á niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar að fenginni heimild Fjársýslu ríkisins og Ríkisendurskoðunar.

1.9 Vörslusjóðir

Stofnunin hefur umsjón með sjóðum sem varðveittir eru á bankareikningum stofnunarinnar og eru ekki hluti af handbæru fé.

Skýringar

1.10 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum. Innstæður í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á uppgjörstegi.

1.11 Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Viðhaldsskuldbinding var færð á móti notkun leiguvéla og fól í sér samningsbundinn kostnað á grundvelli notkunar og var ætlað að koma leigumun í upprunalegt ástand.

1.12 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar vegna leigugreiðslna á þylum, ýmissa þjónustusamninga og annarra langtímasamninga eru reiknaðar og settar fram í skýringum en eru ekki færðar í efnahagsreikning stofnunarinnar.

Áfallin og gjaldfallin orlofsskuldbinding starfsmanna í árslok er færð til skuldar. Fyrir 2017 var skuldbinding ekki bókuð á tímabil, en gjaldfærsla átti sér stað á árinu eftir eða síðar við úttekt réttindanna. Við gerð ársreiknings 2017 var áætlað mótframlag ríkissjóðs á móti orlofsskuldbindingu 1.1. 2017 og stendur þar enn.

Skuldbindingar vegna áunninna réttinda starfsmanna, svo sem launaðra námsleyfa, veikindaréttar og fleira eru ekki færðar í reikninga stofnunarinnar.

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

1.13 Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

1.14 Starfspáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnavið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnaviða og málaflokka birt í starfspáttayfirlit. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

1.15 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

2 Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum til Landhelgisgæslu Íslands námu samtals 4.303,5 m.kr. Fjárheimildir ársins námu 4.488 m.kr. sbr. meðfylgjandi yfirlit.

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Landhelgisgæsla Íslands				
Aðrar tekjur..... (484.500) (484.500) (3.006.286)	2.521.786
Laun og launatengd gjöld.....	2.608.500	2.693.100	3.704.762 (1.011.662)
Önnur rekstrargjöld.....	2.179.500	2.279.400	3.705.550 (1.426.150)
Aðrar tilfærslur.....	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða	4.303.500	4.488.000	4.404.026	83.974
Afskriftir..... (294.661) (294.661) (391.726)	97.066
Framlag vegna afskrifta.....	0	294.661	391.726 (97.066)
Fjármunatekjur / fjármunagjöld.....	0	0	6.883 (6.883)
Samtals Landhelgisgæsla rekstur	4.303.500	4.488.000	4.410.909	77.091

Yfirlit um afkomu 2020 sundurliðað á málefni

Í þús. kr.	2020	Landhelgi	Varnarmál
Tekjur			
Framlög ríkissjóðs til rekstrar.....	4.488.000	4.488.000	0
Framlög tengdra aðila til rekstrar.....	2.167.395	60.507	2.106.889
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	391.726	372.891	18.835
Aðrar tekjur.....	838.891	706.764	132.127
Tekjur samtals	7.886.013	5.628.162	2.257.851
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld.....	3.704.762	3.060.491	644.271
Starfsmannatengdur kostnaður.....	174.134	83.870	90.264
Funda- og ferðakostnaður.....	161.655	137.308	24.347
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	739.111	193.868	545.243
Þyrluleiga.....	534.171	534.171	0
Eldsneyti, olíur og aðrir orkugjafar.....	219.960	203.768	16.193
Viðhaldskostnaður.....	1.311.916	730.475	581.441
Tryggingar, skattar og ýmis gjöld.....	81.665	78.918	2.746
Annar rekstrarkostnaður.....	482.937	253.042	229.895
	7.410.312	5.275.912	2.134.400
Afskriftir	391.726	372.891	18.835
Gjöld samtals	7.802.039	5.648.803	2.153.236
Afkoma án fjármagnsliða	83.974 (20.641)	104.615
Gengishagnaður(tap)..... (6.550) (3.653) (2.897)
Aðrar fjármunatekjur(gjöld)..... (333) (234) (99)
	(6.883) (3.887) (2.996)
Afkoma ársins	77.091 (24.528)	101.619

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:

	2020	Landhelgi	Varnarmál
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	4.303.500.000	4.303.500.000	0
Fjáráukalög	0	0	0
Launa, verðlags- og gengisbætur	115.200.000	115.200.000	0
Fjáráukalög 5	43.800.000	43.800.000	0
Millifærslur milli fjárlagaliða	25.500.000	25.500.000	0
Fjárveiting til tekna	4.488.000.000	4.488.000.000	0
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(4.410.909.406)	(4.512.528.160)	101.618.754
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	77.090.594	(24.528.160)	101.618.754
Staða fjárveitinga 2019 í lok þess árs	279.497.290	95.711.542	183.785.748
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	376.549.770	71.183.382	305.366.388
Rekstrartilfærslur	-19.961.886	0	-19.961.886
Fjármagnstilfærslur	356.587.884	71.183.382	285.404.502

Fjárfestingar			
Fjárveiting ársins skv. Fjárlögum og Fjárukaalögum	68.100.000	68.100.000	0
Millifærslur milli fjárlagaliða	0	0	0
Fjárukaalög 5	15.300.000	15.300.000	0
Fjárfesting á árinu	-114.843.508	-94.429.307	-20.414.201
Sala fastafjármuna	2.686.800	0	2.686.800
Styrkir veittir til fjárfestinga	26.178.533	7.510.443	18.668.090
Staða fjárfestingafjárveitingar	-2.578.175	-3.518.864	940.689
Staða fjárfestinga 2019 í lok þess árs	-248.114.711	-278.070.211	29.955.500
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2020	-250.692.886	-281.589.075	30.896.189

* Athygli er vakin á því að leiðrétta þarf árslokastöðu 2019 sem nemur 29.300.000 af varnarmálum og á landhelgi

3 Aðrar tekjur

Leigutekjur í Landhelgi eru af skipum og flugvélum og námu tæplega 352,4 m.kr. á árinu 2020. Leigutekjur í varnarmálhluta koma til af leigu á mannvirkjum og námu um 116 milljónum króna. Jafnframt voru tekjur af sérfræðipjónustu, vörusölu og ýmsar aðrar tekjur sem samtals námu um 370,5 milljónum króna árið 2020.

	2020	2019
Landhelgi		
Leigutekjur.....	352.378.853	436.148.383
Sérfræðipjónusta og þjónustutekjur.....	124.315.251	132.940.330
Vörusala varahluta og sjómælinga.....	38.393.452	115.280.889
Aðrar tekjur.....	191.676.672	198.317.357
	<u>706.764.228</u>	<u>882.686.959</u>
Varnarmál		
Leigutekjur.....	116.008.698	171.904.628
Aðrar tekjur.....	16.117.807	42.707.188
	<u>132.126.505</u>	<u>214.611.816</u>
Aðrar tekjur samtals	<u>838.890.733</u>	<u>1.097.298.775</u>

4 Laun og launatengd gjöld

Kostnaður við laun og launatengd gjöld nam 3.704,8 m.kr. Af 204,4 ársverkum voru 155,4 í landhelgihluta og 49 í varnarmálhluta.

	2020	2019
Dagvinna.....	1.927.658.237	1.732.868.591
Yfirvinna og álagsgreiðslur.....	704.470.243	679.753.909
Aðrar greiðslur.....	295.874.914	333.453.168
Launatengd gjöld.....	713.108.117	679.911.942
Breyting á orlofsskuldbindingu.....	63.650.783	8.544.020
	<u>3.704.762.294</u>	<u>3.434.531.630</u>
Ársverk		
Landhelgi - ársverk.....	155,4	150,6
Varnarmál - ársverk.....	49,0	45,1
	<u>204,4</u>	<u>195,7</u>

5 Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður sundurliðast sem hér sést.

	2020	2019
Starfsmannatengdur kostnaður.....	174.133.952	185.416.045
Funda- og ferðakostnaður.....	161.655.098	289.550.571
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	739.111.326	863.475.325
Þyrluleiga.....	534.170.952	477.734.988
Eldsneyti, olíur og aðrir orkugjafar.....	219.960.440	223.183.089
Viðhaldskostnaður.....	1.311.916.116	904.937.142
Tryggingar, skattar og ýmis gjöld.....	81.664.608	64.099.937
Annar rekstrarkostnaður.....	482.937.484	511.999.876
	<u>3.705.549.976</u>	<u>3.520.396.973</u>

6 Fjármagnsliðir

Tap af fjármagnsliðum á árinu 2020 nam 6,9 milljónum króna.

Frá og með 2017 renna vaxtatekjur í ríkissjóð sem einnig tekur fjármagnstekjuskatt á sig.

	2020	2019
Vaxtagjöld.....	(332.769)	(366.428)
Gengishagnaður.....	69.639.414	60.467.885
Gengistap.....	(76.189.913)	(59.310.403)
Annar fjármaganshagnaður(tap)	(6.883.268)	791.054

7 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	31.12.2020	31.12.2019
Skip og bátar.....	3.623.237.802	3.778.422.515
Loftför.....	3.012.341.402	2.960.460.873
Áhöld, búnaður, farartæki ofl.....	285.389.614	275.748.375
Verk í vinnslu.....	25.740.191	215.838.569
Óefnislegar eignir.....	5.546.612	0
	<u>6.952.255.621</u>	<u>7.230.470.332</u>

	Skip og bátar	Loftför	Áhöld, bún. o.fl.	Óefnislegar eignir	Verk í vinnslu	Samtals
Kostnaðarverð						
Staða 01.01.2020.....	9.123.656.349	5.864.742.566	515.974.843	0	215.838.569	15.720.212.327
Fjárfesting ársins.....	673.122	237.176.468	60.207.011	6.885.285	(190.098.378)	114.843.508
Selt/niðurl. 2020.....	0	0	1.746.103	0	0	1.746.103
Staða 31.12.2020.....	<u>9.124.329.471</u>	<u>6.101.919.034</u>	<u>574.435.751</u>	<u>6.885.285</u>	<u>25.740.191</u>	<u>15.833.309.732</u>
Afskriftir						
Afskriftir 01.01.2020.....	5.345.233.834	2.904.281.693	240.226.468	0	0	8.489.741.995
Afskrift ársins.....	155.857.835	185.295.939	47.073.566	1.338.673	0	389.566.013
Selt/niðurl. 2020.....	0	0	1.746.103	0	0	1.746.103
Staða 31.12.2020.....	<u>5.501.091.669</u>	<u>3.089.577.632</u>	<u>289.046.137</u>	<u>1.338.673</u>	<u>0</u>	<u>8.881.054.111</u>
Staða 31.12.2020.....	<u>3.623.237.802</u>	<u>3.012.341.402</u>	<u>285.389.614</u>	<u>5.546.612</u>	<u>25.740.191</u>	<u>6.952.255.621</u>

Áætlaðar afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2020, að teknu tilliti til fjárfestinga árið 2021, niður í hrakvirði ef við á, eru eftirfarandi:

	Skip og bátar	Loftför	Áhöld, bún. o.fl.	Óefnislegar eignir	Samtals
2021.....	160.878.790	162.049.003	57.132.002	3.826.877	383.886.672
2022.....	94.987.672	525.400.176	64.323.029	3.826.877	688.537.754
2023.....	94.987.672	157.663.268	47.536.895	1.410.754	301.598.589
2024.....	84.692.687	157.663.268	42.609.457	232.141	285.197.553
2025 og síðar.....	2.530.136.861	1.619.274.506	98.805.964	595.430	4.248.812.761
	<u>2.965.683.682</u>	<u>2.622.050.221</u>	<u>310.407.347</u>	<u>9.892.079</u>	<u>5.908.033.329</u>

Stofnunin tryggir öll loftför sem hún rekur sem og varðskipið Þór. Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru ótryggðir fyrir utan hefðbundnar skyldutryggingar.

Vátryggingarverðmæti áðurnefndra eigna er samkvæmt tryggingarskírteinum eftirfarandi:

	Erlendur gjaldmiðill	Gjaldmiðill	Íslenskar Krónur
Flugvélin TF-SIF.....	32.200.000	USD	4.096.162.000
Þyrlan TF-LÍF.....	12.000.000	USD	1.526.520.000
Þyrlan TF-EIR (leiguvél, ekki eignfærð).....	15.500.000	EUR	2.419.550.000
Þyrlan TF-GRO (leiguvél, ekki eignfærð).....	15.500.000	EUR	2.419.550.000
Varðskipið Þór.....	45.000.000	EUR	7.024.500.000

8 Varahlutasamningur þyrlna

Á stofnuninni hvíldi í árslok 2019 viðhaldsskuldbinding vegna þyrlunnar TF-SYN sem var skilað sama ár. Skuldbindingin var gerð upp að fullu árið 2020.

	31.12.2020	31.12.2019
Skammtímaskuldbindingar.....	0	13.980.913
	<u>0</u>	<u>13.980.913</u>

Stofnunin safnaði í viðhaldssjóð sem var nýttur til kaupa á stærri vélarhlutum fyrir þyrlunnar TF-GNA, TF-SYN og TF-LIF. Við útskipti á þyrlum var sjóðurinn gerður upp en eftir situr sjóður fyrir eigin þyrlu TF-LIF. Viðhaldssjóðurinn er í evrum og er geymdur í Seðlabanka Íslands í vörslu Fjársýslu Ríkisins.

	31.12.2020	31.12.2019
Fyrirframgreiddur viðhaldskostnaður þyrlna.....	28.529.396	44.526.918
Skammtímakröfur vegna viðhaldssamninga þyrlna.....	204.398.210	178.112.886
	<u>232.927.606</u>	<u>222.639.804</u>

Meðal skammtímakrafna er krafa á fyrrum viðhaldsaðila þyrlna vegna ágreinings um útgefna reikninga. Sjá nánar skýringu 20. Heildarkrafa Landhelgisgæslunnar á viðhaldsaðila vegna þessa nam ISK 204,4 m.kr. í lok árs 2020 og er krafan í evrum.

9 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður samanstendur af kröfu á fyrrum viðhaldssala þyrlna, sbr. skýringu nr. 8 og nr. 20, og fyrirframgreiðslum til birgja. Samtals 206,7 m.kr., á ýmsum varahlutum, þjónustu sem og framkvæmdum.

	31.12.2020	31.12.2019
Skammtímakröfur vegna viðhaldssamninga þyrlna sbr. skýringu 8 og 20.....	204.398.210	178.112.886
Fyrirframgreiðslur vegna framkv., varahluta, þjónustu og trygginga.....	2.314.193	41.347.556
	<u>206.712.403</u>	<u>219.460.442</u>

10 Birgðir

Birgðir eru bókfærðar á kostnaðarverði. Ekki hefur verið færð varúðarniðurfærsla og hefur virðisýrningur eða úreldingur á rekstrarvörubirgðum og varahlutalager verið færð þegar upplýsingar um slíkt liggja fyrir. Varahlutalager loftfara er færður í evrum í birgðakerfi og er umreiknaður í íslenskar krónur á meðalgengi 24 mánaða tímabils fyrir reikningsskiladag. Ólíubirgðir varðskipa eru færðar í efnahagsreikning miðað við FIFO reglu.

	31.12.2020	31.12.2019
Rekstrarvörubirgðir.....	30.014.919	24.654.889
Olíubirgðir varðskipa.....	60.107.476	70.832.970
Varahlutalager loftfara.....	392.710.498	337.604.505
	<u>482.832.893</u>	<u>433.092.364</u>

11 Viðskiptakröfur

Skammtímakröfur eru að mestu vegna sölu á vöru- og þjónustu bæði til innlendra og erlendra aðila.

	31.12.2020	31.12.2019
Viðskiptakröfur	231.823.855	194.674.432
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	0 (53.809)
	<u>231.823.855</u>	<u>194.620.623</u>

	31.12.2020	31.12.2019
Innlendar kröfur.....	26.834.837	39.291.538
Erlendar kröfur.....	85.528.868	65.238.557
Kröfur á tengda aðila.....	119.460.150	90.090.528
	<u>231.823.855</u>	<u>194.620.623</u>

12 Staða við ríkissjóð og utanríkisráðuneytið

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar við ríkissjóð og utanríkisráðuneytið. Þannig er skuld eða inneign við ríkissjóð færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2020 nam inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði 142,6 m.kr. sem er hækkun um 102,1 m.kr. á árinu. Utanríkisráðuneytið fjármagnar rekstur stofnunarinnar á öryggis- og varnarmálum.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður muni veita stofnuninni framlag til þess að mæta orlofs- og frídagaskuldbindingum eins og þær voru færðar í stofnefnahagsreikning stofnunarinnar. Þetta er gert samkvæmt fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Ekki liggur fyrir samþykkt Alþingis á framlaginu.

	31.12.2020	31.12.2019
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	142.622.348	40.475.137
Áætlað framlag ríkissjóðs vegna orlofsskuldbindingar 1.1.2017	361.814.566	361.814.566
	<u>504.436.914</u>	<u>402.289.703</u>

Greiðslustaða við ríkissjóð breyttist þannig:

Staða 1. janúar 2020.....		40.475.137
Ríkisframlag.....		4.571.400.000
Greiðslur.....	(4.469.557.385)
Millifærslur.....		304.596
	Staða 31.12.2020	<u>142.622.348</u>

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

	31.12.2020	31.12.2019
Viðskiptaskuldir við ríkisaðila í A-hluta.....	114.268.535	116.328.038
- þ.a. greiðslustaða við utanríkisráðuneytið (Mannvirkjasjóðsfulltrúi Nató).....	19.961.886	24.883.111

13 Vörslufé

Vörslufé.....	31.12.2020	31.12.2019
	6.062.433	59.014.173

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð 6,1 m.kr. sem varðveittar eru á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en teljast ekki til handbærs fjár. Vörsluféð er vegna framlaga úr mannvirkjasjóði NATO. Framlöggin eru nýtt til að standa straum af kostnaði við verkefni sem eru fjármöggnuð af sjóðnum.

Hreyfingar á vörslufé voru eftirfarandi:

Staða 01.01.2020.....		59.014.173
Innborganir frá mannvirkjasjóði NATO og vaxtatekjur.....		1.068.644.753
Greiddir reikningar og kostnaður vegna verkefna mannvirkjasjóðs NATO.....		(1.121.596.493)
	Staða 31.12.2020	<u>6.062.433</u>

14 Eigið fé

Eigið fé Landhelgisgæslunnar í árslok 2020 nemur 765,7 m.kr.

Höfuðstóll 01.01.....	31.12.2020	31.12.2019
	688.576.846	698.383.947
Tekjuafgangur ársins.....	77.090.594 (9.807.101)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar.....	0	0
Höfuðstóll 31.12.....	<u>765.667.440</u>	<u>688.576.846</u>

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 361,8 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrir mælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

15 Frestaðar tekjur

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talið fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárheimilda sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

Fjárfestingar vegna útskipta stærri vélarhluta á þyrlunni TF-LIF eru fjármagnaðar úr viðhaldssjóði en ekki fjárfestingaframlagi samanber skýring 8. Frá 2017 til ársloka 2019 nemur sú fjárhæð 210,0 milljónum króna. Fjárlagakerfið tekur hins vegar ekki tillit til þessa fjármögnunarframlags og samkvæmt því er umframráðstafað til fjárfestinga 250,6 milljónir.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingaheimilda.....	<u>6.952.255.621</u>	<u>7.230.470.332</u>
- ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga).....	(250.596.877)	(248.114.711)
- þar af áætluð tekjufærsla til að mæta afskriftum á síðar	6.701.658.744	6.982.355.621
- þar af áætluð tekjufærsla á næsta reikningsári	383.886.672	422.883.146
- frestað framlag vegna varanlegra rekstrarfjármuna	6.317.772.072	6.559.472.475

	Frestaðar tekjur v/fjárfestinga	Fjárfestingaheimild	Samtals frestaðar tekjur fjárfestinga
Staða 01.01.2020.....	7.230.470.332 (248.114.711)	6.982.355.621
Fjárfestingarfjárveiting ársins.....		83.400.000	83.400.000
Gjafir til fjárfestinga.....		26.178.541	26.178.541
Bókfært verð seldra eigna.....	(1.331.800)	1.331.800	0
Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum.....		1.355.000	1.355.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.....	109.704.326 (109.704.326)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum.....	6.885.285 (6.885.285)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna.....	(391.726.419)	0 (391.726.419)
	Staða 31.12.2020	<u>6.954.001.724 (</u>	<u>252.438.981)</u>
			<u>6.701.562.743</u>

16 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru að mestu leyti vegna kaupa á rekstrarvöru, varahlutum og þjónustu frá birgjum.

	31.12.2020	31.12.2019
Viðskiptaskuldir.....	<u>315.622.633</u>	<u>311.107.952</u>
- þar af í íslenskum krónum.....	162.733.376	210.049.623
- þar af í erlendri mynt.....	152.889.257	101.058.329

17 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Ógreitt orlof.....	301.448.989	275.121.830
Ógreiddir áunnir frídagar.....	209.159.494	171.835.871
Ógreidd laun.....	0	10.613.215
Aðrar viðskiptaskuldir.....	5.515.507	0
	<u>516.123.990</u>	<u>457.570.916</u>

18 Eignir fyrir utan efnahagsreikning

Stofnunin gjaldfærði fjárfestingu í óefnislegum eignum svo sem tölvukerfum fram að árinu 2020. Landhelgisgæsla Íslands fer með rekstur öryggis- og varnarmála fyrir hönd utanríkisráðuneytisins samanber samning milli aðila frá árinu 2014. Landhelgisgæsla Íslands annast þar með talið fasteignir, tölvukerfi, vélar og tæki á öryggis- og varnarsvæðinu í Keflavík og á fjórum ratsjárstöðvum. Hluti af þessum eignum eru fjármagnaðar af Atlantshafsbandalaginu og hluti þeirra er fjármagnaður af íslenska ríkinu. Þessar eignir standa að mestu leyti fyrir utan efnahagsreikning Landhelgisgæslu Íslands, bæði efnislegar og óefnislegar eignir.

19 Skuldbindingar fyrir utan efnahagsreikning í þúsundum króna

Landhelgisgæsla Íslands er með leigusamninga um þyrlur sem eru skilgreindir sem rekstrarleigusamningar samkvæmt IPSAS 13 og er leigan því gjaldfærð þegar hún fellur til og ekki er færð upp skuldbinding eða eign vegna þessara samninga í reikninga stofnunarinnar. Þá hefur Landhelgisgæslan gert aðra skuldbindandi samninga sem standa fyrir utan efnahagsreikning. Samandregið yfirlit sýnir hvernig þær skuldbindingar skiptast:

	2021	2022	2023	2024
Samningar varnarmál.....	887.495	390.726	389.631	144.577
Leigusamningar þyrlna.....	794.222	868.499	890.212	912.467
Viðhaldssamningar loftfara.....	383.566	409.822	420.068	430.569
Húsaleigusamningar.....	54.158	55.512	56.900	58.322
Rekstrar- og þjónustusamningar.....	25.271	26.130	27.012	27.915
	<u>2.144.712</u>	<u>1.750.690</u>	<u>1.783.822</u>	<u>1.573.850</u>

Skuldbindingar vegna hlunninda starfsmanna

Stofnunin hefur áhvílandi skuldbindingar vegna áunninna námsleyfa starfsmanna, áunnins veikindaréttar og hugsanlega fleiri áunninna réttinda samkvæmt kjarasamningum. Þessar skuldbindingar eru ekki færðar í reikninga stofnunarinnar.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna Landhelgisgæslunnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilavenju A-hluta ríkissjóðs er þessi skuldbinding ekki færð í reikninga stofnunarinnar en heildarskuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

20 Aðrar upplýsingar

Ágreiningur er enn uppi við Heli-One sem var þjónustuaðili Landhelgisgæslunnar varðandi þyrluviðhald og varahluti. Málið á rætur sínar að rekja til breytinga sem urðu í árslok 2016 þegar Landhelgisgæslan tók í sína vörslu viðhaldssjóð sem áður hafði verið í vörslu Heli-One. Tengdist sú aðgerð mögulegri greiðslustöðvun móðurfyrirtækis Heli-One, CHC. Í kjölfarið hóf Heli-One réttilega að senda reikninga fyrir stærri vélarhlutum, sem áður höfðu verið gerðir upp í gegnum sjóðinn þegar hann var í vörslu Heli-One. Ágreiningurinn snýst um réttmæti hluta þeirra reikninga sem voru gefnir út, aðferðafræðina sem beitt er í útreikningi. Landhelgisgæslan telur Heli-One hafa ofrukkað töluverðar fjárhæðir og gerði athugasemdir strax 2017 vegna málsins og færði kröfu á hendur Heli-One í bækur sínar 2017 og 2018. Á þeim tíma var Landhelgisgæslan þó í góðri trú að Heli-One myndi gera upp við samningsslit sem urðu samhliða skilum á leigubýrlum á fyrri árs hluta 2019. Það hefur ekki tekist að ganga frá því uppgjöri enn þar sem töluvert ber á milli aðila um aðferðafræði við útreikning þess uppgjors. Landhelgisgæslan færði í árslok 2019 inn í bókhald sitt útreiknaðar árslokastöður í samræmi við þá aðferðafræði sem Landhelgisgæslan telur réttasta sem endurskoðunarfyrirtækið Deloitte hefur yfirfarið og telur rétt að miða við. Á síðasta ári hafa viðræður verið í gangi en án árangurs enn sem komið er. Hvor aðili hefur boðið ákveðinn afslátt af kröfu sinni en hvorugur aðili samþykkt

Landhelgisgæslunni hefur verið stefnt fyrir dóm til greiðslu hlutdeildar í björgunarlaunum vegna Green Freezer sem strandaði í október 2014. Málinu var lokið af hálfu Landhelgisgæslunnar en nú hefur Landhelgisgæslunni á ný verið stefnt til greiðslu 8.877.285 kr. auk dráttarvaxta frá 29. janúar 2015. Málið var þingfest í febrúar 2020 en aðalmeðferð hefur ekki verið ákveðin og hefur frestast vegna Covid. Landhelgisgæslan telur ekki miklar líkur á því að stofnunin verði dæmd til að greiða þessa fjárhæð og því hefur ekki verið færð nein varúðarfærsla vegna málsins.

Ómar Antonsson, bóndi á Horni, Stokksnesi, og leigusali íslenska ríkisins hefur farið fram á að íslenska ríkið viðurkenni ábyrgð og bótaskyldu vegna tjóns sem hann hefur orðið fyrir vegna veikinda og dauða hrossa sem að hans sögn megri rekja til þess að hrossin hafi komist í mengað hey á Stokksnesi sem ríkið leigir af honum undir ratsjárstöð Atlantshafsbandalagsins. Landhelgisgæslan fékk Verkís til að gera úttekt á mengunarmálum á svæðinu árið 2017 og í kjölfarið var gefin út skýrsla (2018) um ástand svæðisins. Verkís var síðan falið það verkefni vorið 2020 að gera áætlun um það hvernig hreinsa megri upp olíumengun sem enn er til staðar frá því að Varnarliðið var með neðanjarðarolútanka á svæðinu. Tankarnir voru fjarlægðir árið 1996. Enn er einhver mengun til staðar og er það vilji Landhelgisgæslunnar að reyna til hins ýtrasta að hreinsa alla mengun af svæðinu. Verkís hefur staðið fyrir tilraunum til olíuhreinsunar á svæðinu. Ómar Antonsson telur að tjón sitt megri rekja til þessara tilrauna eða mengunar á svæðinu. Tjónið er ekki ljóst ennþá og hefur því verið sett fram krafa af hálfu Ómars um viðurkenningu á ábyrgð og bótaskyldu. Þar sem málið er ný tilkomið og mörg atriði óljós hefur ekki verið færð nein varúðarfærsla vegna þess.

Landhelgisgæslan hefur sinnt rekstri varnartengdra verkefna í umboði utanríkisráðuneytisins frá því að Varnarmálastofnun var lögð niður árið 2010. Núgildandi samningur við utanríkisráðuneytið um þessi mál var gerður 13. júlí 2020 og gildir til 31. júlí 2021. Óljóst er hvert framhaldið verður á þessum málaflokki eftir að samningurinn rennur út án endurnýjunar. Landhelgisgæslan er með 48 starfsmenn sem sinna rekstri varnartengdra verkefna. Ljóst er að ekki eru önnur störf fyrir þetta starfsfólk hjá stofnuninni þegar þessum verkefnum lýkur. Grundvöllur fyrir ráðningasambandi þessa starfsfólks stofnunarinnar er framangreindur samningur sem tryggir fjármagn til að greiða laun þeirra. Þar sem enn hefur ekki verið tekið ákvörðun um framtíðarskipan varnartengdra verkefna og hvernig utanríkisráðuneytið hyggist taka við þessu starfsfólki ef samningur um rekstur verður ekki endurnýjaður er uppi mikil óvissa um það hvernig launagreiðslur þessa starfsfólks verða tryggðar eftir að samningurinn rennur út þann 31. júlí 2021. Hluti starfsfólksins hefur 6 mánaða uppsagnarfrest og 14 starfsmenn eiga rétt á 12 mánaða biðlaunum. Ekki er ljóst hvernig tryggt verður að kostnaður vegna þessa falli ekki óbættur á Landhelgisgæsluna. Verði samningur ekki endurnýjaður mun það hafa áhrif á rekstur Landhelgisgæslunnar sökum þeirra samlegðaráhrifa sem náðst hafa fram í samrekstrinum og ljóst að semja þarf um ýmsa þjónustu sem stofnunin hefur veitt vegna varnarmálahluta og varnarmálahluti mun að öllum líkindum áfram hafa þörf fyrir.